
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-06

Fundartími: Þriðjudagur 28. september 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Endurreikningur húshitunarspár.
2. Endurreikningur raforkuspár.
3. Verkefni ársins 2000.
4. Vinna Afls fyrir hópinn.
5. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Edvard G. Guðnason
Guðmundur Valsson

Jakob Ólafsson
Jónas Guðlaugsson
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði þremur töflum úr endurreiknaðri húshitunarspá og til samanburðar töflum úr síðustu spá frá 1997. Hann sagði að rafhitun hefði á undanförnum árum nokkurn veginn staðið í stað en þó hefur hún heldur minnkað. Aukin áhersla hefur að undanförmu verið lögð á að finna jarðhita og væri nú verið að leggja hitaveitu í Stykkishólm og miðað væri við að hitaveita komi í Búðardal og Drangsnæs. Einnig hefur byggðarþróun stuðlað að því að hlutur jarðvarmans hefur farið vaxandi. Til lengri tíma litið minnkar því rafhitunin núna frá því sem gert var ráð fyrir í síðustu húshitunarspá.
2. JV dreifði drögum 1 að skýrslu um endurreikning raforkuspár og rakti helstu breytingar frá síðustu spá. Nokkuð var rætt um forsendur varðandi stóriðju og lagði EGG til að alla vega yrði getið fyrirhugaðrar stækkunar hjá Norðuráli sem er 470 GWh og 54 MW. Hann sagði að hugsanlega væri rétt að taka þetta með í spána þó svo að ekki væri búið að skrifa undir samning og ætlar hann að kanna viðhorfin innan Landsvirkjunar gagnvart því. Einnig sagði hann að Ísal hefði farið fram á að hækka samning um 10 MW til viðbótar en ekki hefði verið gengið frá slíkum samningi. Einnig sagði EGG að afsláttur til fiskimjolsverksmiðja vegna kaupa á ótryggðri orku mundi renna út í apríl á næsta ári. JV sagði að mikilvægt væri að fá athugasemdir við spána næstu daga þar sem hann gerði ráð fyrir að dreifa spám fyrir einstakar veitur á næsta fundi eftir viku.
3. JV sagðist vera komin með drög að áætlun fyrir vinnuna næsta ár þar sem hann gerði ráð fyrir að hún yrði með hefðbundnu sniði nema aukin áhersla yrði lögð á

húshitunarþáttinn. JV fór einnig yfir fundartíðni og voru fundarmenn sammála um að hafa hana með sama sniði og áður.

4. JV dreifði yfirliti um kostnað vegna vinnu Verkfræðistofunnar AFLs fyrir hópinn og sagði að Landsvirkjun hefði gert athugasemd við eitt tímagjald auk þess sem tölvukostnaður er ekki sérgreindur til Landsvirkjunar. Lagt var til að gjöldin yrðu samræmd þannig að það yrði á sama veg hjá öllum og er nú hjá Landsvirkjun og að þetta tæki gildi 1. september. JV sagðist mundu gera þetta en benti á að einhverjar breytingar yrðu á töxtum á næsta ári en slíkt væri ekki vitað ennþá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:50. Næsti fundur ákveðinn 5. október 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Þrjár töflur úr húshitunarspá 1999 og samsvarandi töflur úr spánni frá 1997. (JV)

"Raforkuspá 1999-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". Drög 1 (JV)

Eitt blað um taxa Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Orkusparnefnd. (JV)